

Kirkjuþing 2022-2023

51. mál - þskj. 72

T I L L A G A

til þingsályktunar um sölu fasteignar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af framkvæmdanefnd.

Frsm. Árni Helgason.

Kirkjuþing 2022 samþykkir að framkvæmdanefnd selji eða leigi um 28,5 hektara spildu úr landi Mosfells í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Söluheimild þessi gildi til loka kjörtímabils kirkjuþings 2022-2026.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af framkvæmdanefnd kirkjuþings. Framkvæmdanefnd kirkjuþings leggur til að heimild verði veitt til að selja eða leigja spildu úr landi Mosfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Umræddri spildu hefur ekki verið skipt út úr landi jarðarinnar en hún afmarkast af Biskupstungnabraut að norð-vestan, heimreið að bænum Reykjanesi að norð-austan og landamerkjum Mosfells við Minna-Mosfell og Reykjanes að suð-austan og suð-vestan.

Tillaga þessi er til komin þar sem erindi barst frá eigendum nágrannajarðar um möguleika til að kaupa eða leigja téða spildu. Áréttað skal þó að verði þingsályktunin samþykkt verður spildan hins vegar auglýst og ákjósanlegasta boði tekið.

Svæðið sem spildan stendur á hefur á engum tímapunkti verið nýtt af eiganda Mosfells og má segja að hún liggi í horni jarðarinnar, afmörkuð af tveimur vegum. Spildan er því heppilega staðsett til að hún verði seld úr landi jarðarinnar og sala hennar rýrir jarðargæði Mosfells ekki að neinu verulegu leyti.